# GJALDSKRÁ

**fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit**
**á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, efnalögum nr. 61/2013, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli og með reglugerðum settum með stoð í þeim, er eftirlitinu heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 14.400 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 25.000 |
| Tóbaksleyfisgjald | kr. 23.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin fjögur ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin fjögur ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin fjögur ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| og auglýsingakostnaður ef við á. | |

Ný starfsemi:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

| | |
|---|---|
| Starfsleyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 15 dögum eftir útgáfudag reiknings.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greiðist eitt tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi. Fyrir húsaskoðun á íbúðum, með einföldu mati á myglu, greiðist eitt tímagjald.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr. Matvælafyrirtæki sem Matvælastofnun hefur framselt eftirlit með til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt samningi, skulu greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Ef raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknarstofu er hærri en sem nemur gjaldi heilbrigðiseftirlits fyrir rannsókn skal innheimta raunkostnað að viðbættu umsýslugjaldi.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A.

8. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og sbr. fylgiskjal sem birt er með gjaldskránni. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjalddagi gjalds samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sem samin samkvæmt 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samkvæmt 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 101/2020 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

*Sauðárkróki, 18. janúar 2022.*

F.h. heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis vestra,

**Sigurjón Þórðarson** framkvæmdastjóri.

# VIÐAUKI A

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 01.24.01.1 | Alifuglarækt | 1 | 46.800 |
| 97.00.0.2 | Almenningssalerni | 0,5 | 18.000 |
| 52.31.00 | Apótek (söluturn án óvarinna matvæla) | 0,5 | 21.600 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélags | 0,5 | 36.000 |
| 15.81.0.2 | Bakarí, lítið | 1 | 71.800 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 2 | 118.600 |
| 15.81.0.4 | Bakarí, stórt - með kaffisölu | 2 | 129.600 |
| 50.20.0.1 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 21.600 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs | 1 | 37.440 |
| 50.20.0.3 | Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt | 1 | 57.600 |
| 50.20.0.7 | Bifreiðasprautun | 0,5 | 25.200 |
| 71.10.0.1 | Bílaleiga | 0,25 | 12.600 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 64.800 |
| 15.96.0.1 | Bjórgerð lítil - ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 25.200 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,50 | 25.200 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 9.000 |
| 85.32.1.1 | Dagmömmur með > 6 börn | 0,25 | 9.000 |
| 85.11.4.1 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil | 1 | 79.200 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi | 1 | 122.400 |
| 92.53.0.1 | Dýragarður | 0,5 | 19.800 |
| 92.53.0.2 | Dýralæknastofa | 0,5 | 28.800 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 21.600 |
| 50.50.0.0 | Eldsneytisstöðvar, | 1 | 72.000 |
| 50.50.0.1 | Eldsneytisstöðvar, sjálfvirkar | 1 | 57.600 |
| 50.50.0.2 | Eldsneytistankar við hafnir minni en 10.000 l | 0,5 | 21.600 |
| 37.20.0.1 | Endurnýting úrgangs | 1 | 57.600 |
| 75.23.0.1 | Fangaklefar | 0,5 | 39.600 |
| 85.32.6.2 | Félagsheimili með eldhúsi | 1 | 75.400 |
| 85.32.6.1 | Félagsheimili með eldhúsi, lítil | 0,5 | 21.600 |
| 52.23.0.4 | Fiskbúðir án vinnslu, litlar | 1 | 61.000 |
| 55.21.0.1 | Fjallaskálar, minni | 0,25 | 9.000 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir | 0,5 | 27.000 |
| 15.89.0.0 | Framleiðsla annarra matvæla | 1 | 61.200 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | 57.600 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla á dýrafóðri | 1 | 54.000 |
| 15.20.7.0 | Framleiðsla á fæðubótarefnum, kítín | 1 | 122.400 |
| 15.61.0 | Framleiðsla á kornvörum og pökkun | 1 | 57.600 |
| 25.22.0.0 | Framleiðsla á umbúðaplasti og efnum sem koma í snertingu við matvæli | 1 | 43.200 |
| 25.22.0.1 | Framleiðsla á umbúðum og efnum sem koma í snertingu við matvæli, lítil | 0,5 | 21.600 |
| 26.13.0 | Framleiðsla gleríláta | 0,5 | 25.200 |
| 15.71.1.1 | Framleiðsla gæludýrafóðurs lítil | 0,2 | 7.200 |
| 26.63.0.2 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 1 | 43.200 |
| 26.63.0.1 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu lítil | 0,5 | 21.600 |
| 52.10.0.0 | Frystigeymslur | 0,5 | 23.400 |
| 80.22.0.0 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám/heimavist | 1 | 86.400 |
| 80.21.0.2 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, lítil | 1 | 72.000 |
| 80.21.0.3 | Fræðslustarfsemi með mötuneyti, stór | 1 | 100.800 |
| 80.21.0.1 | Fræðslustarfsemi/ skólar- án mötuneytis | 1 | 43.200 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 12.600 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð - stærri flokkun | 1 | 57.600 |
| 90.00.0.41 | Gámavöllur, móttaka úrgangs, lítill | 0,5 | 28.800 |
| 55.12.0.1 | Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið allt að 16 gestir | 0,5 | 21.600 |
| 55.12.0.2 | Gististaðir án veitingasölu, 17- 49 gestir | 1 | 50.400 |
| 55.12.0.3 | Gististaðir án veitingasölu, 50+ gestir | 1 | 72.000 |
| 55.11.0.3 | Gististaðir með veitingasölu, 100 + gestir | 2 | 197.800 |
| 55.11.0.1 | Gististaðir með veitingasölu, 17-49 gestir | 1 | 100.800 |
| 55.11.0.2 | Gististaðir með veitingasölu, 50-100 gestir | 2 | 144.000 |
| 55.11.0.4 | Gististaður með fjölbreytta þjónustu, matsölu, sundlaug, snyrtiþjónustu o.fl. | 2 | 158.400 |
| 14.21.0.0 | Grjót-, malar- og sandnám | 1 | 54.000 |
| 25.13.0.1 | Gúmmívinnsla | 0,33 | 11.880 |
| 85.32.2.3 | Gæsluvellir/leikvellir | 0,25 | 9.000 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 27.000 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | 21.600 |
| 85.11.1.3 | Heilbrigðisstofnun, með fullbúnu eldhúsi | 2 | 197.800 |
| 51.44.2.0 | Heildverslun með hreingerningarefni | 0,5 | 21.600 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með matvæli, hreingerningaefni o.fl., lítil | 0,5 | 18.000 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar, litlar | 1 | 36.000 |
| 93.29.0.0 | Hestaleigur og reiðskólar | 0,5 | 18.000 |
| 80.10.0.5 | Hestamiðstöð | 0,5 | 18.000 |
| 50.20.0.15 | Hjólbarðaverkstæði | 0,5 | 18.000 |
| 85.14.94 | Húðflúrstofa | 0,5 | 21.600 |
| 92.61.0.4 | Íþróttahús, lítil | 1 | 36.000 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 1 | 50.400 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 57.600 |
| 92.61.0.8 | Íþróttamiðstöðvar með sundlaug | 2 | 136.800 |
| 92.61.0.7 | Íþróttavellir | 0,5 | 25.200 |
| 37.20.0.2 | Jarðboranir | 1 | 57.600 |
| 55.40.0.3 | Kaffisala (kaffi og kökur) - sumaropið | 0,5 | 18.000 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur | 0,25 | 9.000 |
| 85.14.92 | Kírópraktor | 0,5 | 18.000 |
| 15.13.0.5 | Kjötvinnsla miðlungs með reykingu - mengun | 1 | 96.800 |
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 64.600 |
| 15.81.0.0 | Kleinu-, sælgætisgerð o.fl. minniháttar starfsemi | 0,33 | 11.880 |
| 55.40.0.2 | Krár, kaffihús - án matsölu | 1 | 54.000 |
| 55.40.0.4 | Krár, kaffihús - einfaldar veitingar og gisting | 1 | 64.800 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu | 1 | 133.000 |
| 15.87.0.1 | Krydd og bragðefnavinnsla lítil | 1 | 71.800 |
| 15.87.0.2 | Krydd og bragðefnavinnsla miðlungs | 2 | 93.600 |
| 15.87.0.3 | Krydd og bragðefnavinnsla stór | 2 | 136.800 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta | 1 | 82.600 |
| 15.20.8.1 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil | 1 | 61.000 |
| 38.21.00 | Landmótun með óvirkum úrgangi | 0,33 | 14.256 |
| 19.10.0.1 | Leðurvinnsla | 0,5 | 36.000 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með eldhúsi | 1 | 79.200 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi, | 1 | 57.600 |
| 26.21.0.1 | Leirmunaverkstæði afkastageta, ofn < 4 m³ | 0,5 | 25.200 |
| 93.04.0.1 | Líkamsræktarstöðvar | 1 | 43.200 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, litlar | 1 | 33.120 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú lítið | 0,5 | 23.400 |
| 01.25.2.1 | Loðdýrabú stórt | 1 | 54.000 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir | 1 | 107.800 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs | 1 | 133.000 |
| 55.30.1.3 | Matsölustaðir, stórir | 1 | 147.400 |
| 52.11.2.4 | Matvöruverslun án vinnslu, lítil | 1 | 72.000 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 2 | 108.000 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 3 | 172.800 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 147.400 |
| 52.11.2.3 | Matvöruverslun með vinnslu, stór | 2 | 208.400 |
| 20.30.9.5 | Málningaraðstaða | 0,25 | 9.000 |
| 85.31.1.0 | Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga | 1 | 54.000 |
| 15.61.0.2 | Meðhöndlun og framleiðsla á kornvörum | 1 | 46.800 |
| 20.20.0.1 | Meindýravarnir | 0,25 | 11.200 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú | 2 | 111.400 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú, ostagerð, eiming | 2 | 230.400 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 1 | 50.400 |
| 38.22.0.0 | Móttaka og meðhöndlun á seyru | 0,5 | 21.600 |
| 51.57.0.3 | Móttaka úrgangs til endurvinnslu | 1 | 61.200 |
| 55.51.0.1 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið | 1 | 82.600 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs | 2 | 104.200 |
| 55.51.0.3 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt | 2 | 140.200 |
| 51.57.0.1 | Niðurrif bifreiða | 1 | 43.200 |
| 43.11.0.0 | Niðurrif bygginga og undirbúningur byggingarsvæðis | 1 | 36.000 |
| 93.04.0.9 | Nuddstofur | 0,5 | 18.000 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 54.000 |
| 26.82.9.2 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu | 1 | 72.000 |
| 15.51.0.2 | Ostagerð | 2 | 72.000 |
| 15.51.0.3 | Ostagerð, lítil, ekki samfelld starfsemi | 0,5 | 25.200 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður, stór | 1 | 57.600 |
| 25.20.0.0 | Plastvöruframleiðsla | 0,5 | 39.600 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,33 | 11.880 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður, miðlungs | 0,5 | 39.600 |
| 22.22.9.3 | Prentiðnaður, stór | 1 | 61.200 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,25 | 10.800 |
| 72.11.0.0 | Rannsóknarstarfsemi | 0,25 | 12.600 |
| 80.10.0.6 | Reiðhöll - sýningarstarfsemi | 1 | 50.400 |
| 92.13 | Rekstur kvikmyndahúsa | 0,5 | 23.400 |
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 1 | 61.000 |
| 52.49.9.4 | Sala eiturefna og hættulegra efna | 1 | 36.000 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 2 | 140.200 |
| 85.31.4.0 | Sambýli með heimiliseldhúsi | 0,5 | 27.000 |
| 15.33.0.4 | Samlokugerð, lítil | 0,5 | 50.200 |
| 24.51.31 | Sápu- og kremframleiðsla | 0,25 | 9.900 |
| 43.99.0.1 | Sérhæfð byggingarstarfsemi | 1 | 46.800 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 18.000 |
| 55.30.2.1 | Skemmtistaðir án matsölu | 1 | 68.400 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 108.000 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 9.000 |
| 85.32.3 | Skóladagheimili | 1 | 57.600 |
| 90.00.0.3 | Skólphreinsistöðvar | 1 | 36.000 |
| 26.12.0.0 | Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri | 0,25 | 8.100 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir | 1 | 75.400 |
| 15.11.0.2 | Sláturhús, stór með brennsluofni | 2 | 197.800 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús, miðlungs | 1 | 79.000 |
| 15.11.0.0 | Sláturhús, stór | 2 | 133.000 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 21.600 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | 72.000 |
| 93.04.0.7 | Sólbaðstofur | 1 | 36.000 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar - aðveitustöðvar | 0,5 | 21.600 |
| 93.21.0.0 | Starfsemi skemmti- og þemagarða | 1 | 36.000 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir < 16 manns | 1 | 57.600 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir, 17-50 manns | 1 | 64.800 |
| 55.14.0.3 | Starfsmannabústaðir (varanlegt húsnæði) < 16 manns | 0,33 | 21.384 |
| 14.21.0.1 | Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum | 1 | 54.000 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautagerð | 2 | 125.800 |
| 80.10.0.4 | Sumarbúðir | 1 | 54.000 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 75.400 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 1 | 143.600 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 89.280 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2.000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 46.800 |
| 85.33.6.3 | Söfn | 0,5 | 18.000 |
| 52.11.3.1 | Söluturnar án óvarinna matvæla | 0,5 | 18.000 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæli | 1 | 39.600 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,33 | 14.256 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði | 0,5 | 21.600 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, orlofshúsasvæði með smáhýsum | 1 | 57.600 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 10.800 |
| 20.30.9.4 | Trésmíðaaðstaða | 0,5 | 18.000 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 39.600 |
| 20.30.9.3 | Trésmíðaverkstæði, lítið (1-2 starfsmenn) | 0,5 | 18.000 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 54.000 |
| 17.10.0.1 | Ullarþvottastöð | 2 | 187.200 |
| 80.10.0.7 | Útihátíð | 1 | 61.000 |
| 55.12.0.4 | Útleiga stakra sumarhúsa/íbúðarhúsnæðis | 0,33 | 16.632 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 2.000-5.000 íbúa | 6 | 807.000 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur 500-2.000 íbúa | 2 | 172.000 |
| 41.00.0.8 | Vatnsveitur einka m/matvælavinnslu | 0,5 | 21.600 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur færri íbúar en 500 | 1 | 61.000 |
| 55.30.1.7 | Veitingavagnar | 0,25 | 12.600 |
| 50.20.0.14 | Verkstæði fyrirtækja | 0,5 | 23.400 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 1 | 43.200 |
| 50.20.0.13 | Viðgerðaraðstaða | 0,25 | 12.600 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á fiski, lítil | 0,5 | 43.000 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á fiski, miðlungs | 1 | 75.400 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á fiski, stór | 1 | 118.600 |
| 15.31.0.0 | Vinnsla og pökkun á grænmeti | 0,5 | 18.000 |

| ÍSAT-númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Gjald, kr. |
|---|---|---|---|
| 40.10.0.3 | Virkjanir 10-50 MW | 0,5 | 79.200 |
| 40.10.0.2 | Virkjanir 1-10 MW | 0,5 | 61.200 |
| 40.10.0.4 | Virkjanir stærri en 50 MW | 1 | 172.800 |
| 85.11.4.4 | Vistheimili | 0,25 | 9.000 |
| 52.25.0.0 | Vínbúð | 0,33 | 23.760 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 1 | 50.400 |
| 63.21.0.0 | Vöruflutningamiðstöðvar, litlar | 0,5 | 18.000 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 25.200 |

B-deild – Útgáfudagur: 1. febrúar 2022